

SKILMÁLAR

1. Landflutningalög nr. 40/2010, skilmálar Landflutninga Samskipa (farmflytjandi) og Almennir þjónustuskilmálar SVÞ (Samtaka verslunar og þjónustu), eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um alla flutninga og öll verk sem unnin eru fyrir viðskiptamann, eftir því sem við á.
2. Með því að fylla út og afhenda fylgibréfið til farmflytjanda, hvort sem það er gert bréflega eða með rafrænum hætti, staðfestir viðskiptamaður að hann hafi kynnt sér umrædd lög og skilmála og að hann samþykki að þau og skilmálar fylgibréfsins gildi um réttarsamband aðila.
3. Farmflytjandi hefur móttengið frá viðskiptamanni tilgreindan fjölda eða magn pakka, bretta, gáma eða annarra eininga, eftir því sem séð verður í góðu lagi og ástandi, sem viðskiptamaður segir innihalda viðkomandi vöru. Þar sem farmflytjandi hefur ekki færi á að kanna innihald nefndra pakka, bretta, gáma eða annarra eininga hefur farmflytjandi ekki kannað hvort upplýsingar um innihald séu réttar.
4. Sendandi ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fylgibréfi og merkingu vöru séu réttar. Hann er ábyrgur fyrir kostnaði og tjóni sem hlýst af því að upplýsingarnar eru rangar, ónákvæmar, ógreinilegar eða að öðru leyti ófullkomnar.
5. Sendanda ber að sjá til þess að ástand, frágangur og þökkun vörunnar sé með þeim hætti að hún þoli umsaminn flutning og að farmflytjandi geti auðveldlega og örugglega fermt hana um borð í ökutæki, vagn eða gám, flutt hana og affermt.
6. Sendanda ber að skýra sérstaklega frá því og merkja vöruna ef hún þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar.
7. Farmflytjandi ber ekki undir neinum kringumstæðum eða á annan hátt ábyrgð á hvers konar tjóni á lifandi dýrum eða tjóni á vöru sem búið er að hlaða í gám þegar gámur er afhentur farmflytjanda til flutnings, eða tjóni sem rekja má til fermingar og/eða affermingar ökutækis, vagns eða gáms þegar sendandi, móttakandi eða eigandi vöru sjá um fermingu og/eða affermingu ökutækis, vagns eða gáms, eftir því sem við á.
8. Sé um að ræða fjölþáttaflutning verður farmflytjanda aldrei gert að greiða hærri skaðabætur vegna skemmda eða taps á vöru en sem nemur hámarksbótum siglingalaga nr. 34/1985, sem eru SDR 667 fyrir hvert stykki eða flutningseiningu eða SDR 2 fyrir hvert brúttókíló vöru sem skemmist eða glatast, hvort sem hærra er, nema framangreindar hámarksbætur siglingalaga séu hærri en hámarksbætur landflutningalaga, en í slíku tilviki skulu ákvæði landflutningalaga gilda.
9. Farmflytjandi ber ekki undir neinum kringumstæðum eða á neinn hátt ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tapi, skemmdum eða kostnaði eða ágóðatapi.
10. Ekki skal koma til vaxta af neinni kröfu á hendur farmflytjanda fyrr en frá uppkvaðningu dóms.
11. Öll deilumál sem kunna að rísa vegna flutnings samkvæmt fylgibréfi þessu og eða önnur deilumál milli aðila skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Gildandi skilmála hverju sinni má finna á heimasíðu Landflutninga Samskipa.